

RÆKTUNARBÚ ÁRSINS

Hrossaræktarsamband Vesturlands veitir viðurkenningu því hrossaræktarbúi er sýnir framúrskarandi árangur á sviði hrossaræktar. Slíka viðurkenningu sal veita á haustfundi ár hvert.

Reglur:

Fullgildir félagar í deildum Hrossaræktarsambands Vesturlands sem reka starfsemi sína á sambandssvæðinu geta hlotið þessa viðurkenningu.

Stjórn Hrossaræktarsambands Vesturlands velur verðlaunahafa. Viðurkenningin skal veitt fyrir árslok ár hvert. Á hana er áritað nafn búsins og ártal.

Forsendur fyrir vali:

Við val á Ræktunarbúi ársins skulu eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar:

Meðaleinkunnir kynbótahrossa sem hlutu fullnaðardóm í kynbótasýningu á árinu, hvar sem þau voru sýnd í heiminum. Tekið skal tillit til aldurs og hvort um endursýningu var að ræða.

Frábær árangur einstakra kynbótahrossa.

Góður árangur í afkvæmasýningu stóðhests eða hryssu.

Fjöldi kynbótahrossa sem komu í kynbótadóm á árinu og aldur þeirra, að *teknu tilliti til aldursleiðréttingar aðaleinkunnar.*

Önnur atriði sem geta haft áhrif á val: Svo sem góður árangur í gæðinga- og íþróttakeppni, áralöng farsæl hrossarækt, athyglisverð nýjung, gæðastýring o.fl. sem stjórn telur til fyrirmyndar fyrir ræktunarbú:

- a) Ræktunarbú á Vesturlandi
- b) Hross séu fædd á búinu
- c) Fjöldi sýndra hrossa skal vera minnst þrjú hross
- d) Viðbót fyrir afkvæmahross
 - ✓ Heiðursverðlaunahestur sem gefur fjögur 5 vetra hross með 8.00 í aðaleinkunn
 - ✓ Heiðursverðlaunahryssa gefur tvö 5 vetra hross með 8.00 í aðaleinkunn
 - ✓ 1 verðlaunahestur gefur tvö 5 vetra hross með 8.00 í aðaleinkunn.
- e) Meðaleinkunn sýndra hrossa
- f) Meðalaldur sýndra hrossa